



Rannsóknir og þjónusta á Keldum í þágu dýraheilbrigðis

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er eini vettvangurinn í landinu þar sem stundaðar eru rannsóknir á dýrasjúkdómum á mörgum fræðasviðum. Tilraunastöðin er metnaðarfull háskólastofnun með margvíslega starfsemi og starfar fyrst og fremst sem rannsóknastofa.

Starfið hófst árið 1948 með rannsóknum á sauðfjársjúkdómum en í dag eru rannsakaðir sjúkdómar í flestum spendýratategundum Íslands og allmögum fugla- og fisktegundum. Tilgangur rannsóknanna er að efla skilning á eðli sjúkdóma og skapa nýja þekkingu. Heilbrigð dýr eru forsenda arðvænlegs landbúnaðar og fiskeldis. Einnig er mikilvægi heilbrigðra dýra sem bera ekki sjúkdóma í menn hvati að hagnýtingu rannsóknanna. Mikilvægt er að stofnunin geti brugðist sem skjótast við nýjum og aðkallandi vandamálum á svíði sjúkdómagreininga.

Sérhæfður húsakostur


Á Keldum hefur verið byggður upp sérhæfður húsakostur sem hentar starfseminni. Þar má nefna rannsóknarhús, smádýrahús, fjárhús, hesthús, krufningarstofu og öryggisrannsóknarstofu. Rannsóknarhúsunum hefur verið vel við haldið og stöðugar endurbætur hafa átt sér stað.

Aðstaðan hefur verið lögð að kröfum gæðakerfis Keldna og faggildingaraðila. Þá má nefna að krufningastofa, þar sem tekið er á móti smáum og stórum skepuhuðræjum og lisandi dýrum sem á að aflífa, var endurnýjuð á Keldum árið 1997. Einnig er fyrir hendi tilraunadýraaðstaða fyrir smádýr, kindur, hross og fisk.

Smádýraaðstaðan var endurbætt 1998 og hana þyrti að stækka ef hún ætti að þjóna öllu landinu. Ekki má heldur gleyma að fullkomnasta öryggisrannsóknastofa landsins (Biosafety level 3) var reist á Keldum 2006-2009 í kjölfar viðbúnaðar við fuglaflensu.

Fjölbreytt vísindastarf

Framtíðarsýnin er skýr, við viljum efla viðkomandi fræðasvið. Áherslan innan fræðasviða beinist að fjölbreyttu vísindastarf



Sigurður Ingvarsson

og þjónustu og að hún haldist í hendur við atvinnulífið og þá vaxtarbrodda sem þar er að finna. Helstu fræðasviðin eru príonfræði, veirufræði, bakteríufræði, sníkjudýrafræði, meinafræði, ónæmisfræði og sameindalíffræði.

Tilraunastöðin miðlar þekkingu og upplýsingum til alþjóðlega vísindasamfélagsins og í þeim tilgangi að styrkja innlent atvinnulíf.

Viðtækt samstarf er við erlendar alþjóðlegar stofnanir og háskóla. Innanlands eru ákveðin verkefni unnin í samstarfi við stofnanir og háskóla og aðstaða og tæki eru samnýtt. Einnig er samstarf við stjórnsýslustofnanir innanlands, s.s. MAST. Samhlíða þessu er fjölbreytt og gefandi samstarf við atvinnulífið, má þar nefna landbúnað, fiskeldi og matvælaframleiðslu.

Fjárskortur hamlar starfseminni

Niðurskurður á fjárlögum á síðastliðnum árum hefur bitnað á Keldum ekki síður en öðrum opinberum stofnunum. Við rannsóknir á dýrasjúkdómum og við sjúkdómagreiningar skiptir miklu máli að hafa öflugt rannsóknateymi með reyndum sérfræðingum á fræðasviðum Tilraunastöðvarinnar.

Á undanförnum árum hefur ekki reynst unnt að ráða nýja sérfræðinga í stað þeirra sem hafa hætt sökum aldurs, vegna

skerðinga á fjárlögum. Þetta er neikvæð þróun og hættumerki sem ber að taka alvarlega, en mjög brýnt er að efla dýrasjúkdómafræði við Tilraunastöðina með ráðningu nýrra sérfræðinga. Ef það er ekki gert er hættá á að uppbygggingarstarf liðinna ára beri skaða af.

Vegna rannsóknaumhverfisins á Keldum er mjög hentugt að skilgreina ramma um rannsóknarnám af ýmsum stærðargráðum, allt upp í doktorsnám. Uppbygging hefur verið á þessu starfi.

Rannsóknirnar eru að hluta til fjármagnaðar með sértekjum úr samkeppnissjóðum. Styrkir erlendis frá hafa verið verulegir á ákveðnum tímabilum, en misjafnt er hvernig erlendir rannsóknasjóðir henta áherslum í starfi Tilraunastöðvarinnar. Því miður hefur fjármögnun innlendra samkeppnissjóða ekki fylgt þeirri vakningu sem verið hefur í íslensku rannsóknasamfélagi. Fjármögnunin hefur heldur ekki fylgt hækkuðu verðlagi síðastliðin ár. Samkeppnissjóðir eru mjög veikir á Íslandi og hafa hlutfallslega mun minna fjármagn að spila úr en sambærilegir sjóðir í nágranalöndunum.

Vonandi eru nýir tímar í augusýn, því í frumvarpi til fjárlaga 2013 er gert ráð fyrir auknum fjárvéitingum til RANNÍS. Einnig stendur til að endurfjármagna Framleidiðnisjóð landbúnaðarins, sem á undanförnum árum hefur verið öflugur bakhjalr ymissa verkefna Tilraunastöðvarinnar. Nýlega var undirritaður búnaðarlagasamningur af hálfu Bændasamtakanna og ríkisvaldsins sem tryggir fjármuni sjóðsins á komandi árum.

Þrátt fyrir fjárhagslegar hremmingar eru ennþá öflugir innviðir að Keldum sem hlúa þarf að. Mörg verkefni ganga vel, en að ýmsu er að huga í framtíðinni. Mörgum áleitnum rannsóknaspurningum er ósvarað.

Á komandi vetrar verður fjallað um þessi verkefni í Bændablaðinu og sérfræðingar Tilraunastöðvarinnar munu skrifa um rannsóknarefnini sín.

Sigurður Ingvarsson

Dr. Med. Sc.

Forstöðumaður og prófessor
Tilraunastöð Háskóla Íslands
í meinafræði að Keldum